

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 142/2021

frá 23. apríl 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1188 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að ákvarða nothæfisflokka að því er varðar mótstöðu gegn vindálagi fyrir gluggatjöld til nota utanhúss og sóltjöld ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 133p (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/450) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„133q. **32019 R 1188**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1188 frá 14. mars 2019 (Stjtið. ESB L 187, 12.7.2019, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1188, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. apríl 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 187, 12.7.2019, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.